

Fundargerð 135. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 15. ágúst 2018, kl. 10.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð,

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð Alta í rammaskipulag fyrir Ásbrú.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tillögu Alta að gerð rammaskipulags fyrir Ásbrú.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Reykjanesbæ.

Stjórn samþykkti verksamning við Alta að því gefnu að svokallað Háaleitishlað sé utan þessa skipulags og að fengið verði fast verðtilboð í vinnuna. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

3. *Skipun fulltrúa Kadeco í stjórn Keilis.*

Stjórnarformaður ræddi um skipan fulltrúa Kadeco í stjórn Keilis. Stjórn samþykkti að tilnefna Sigurbjörgu Róbertsdóttur sem fulltrúa sinn í stjórn Keilis. Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir hluthafafundi í Keili.

4. *Kauptilboð í Suðurbraut 890*

Framkvæmdastjóri fór yfir kauptilboð Airport City ehf. í Suðurbraut 890.

Stjórn hafnaði tilboðinu. Framkvæmdastjóra var falið að setja fasteignina í sölufjerli á fasteignasölu.

5. *Málefni Patterson.*

Framkvæmdastjóri ræddi málefni Patterson og hreinsun svæðisins. Umræður um nauðsyn hreinsunar á svæðinu og fjarlægingu girðingar umhverfis Patterson. Stjórn sammála um að afla tilboða í hreinsun á girðingu á Patterson og fól framkvæmdastjóra að setja verkið í útboðsferli.

1/Ed  
GS

6. Önnur mál.

*Mengunarmál.*

Kadeco mun halda kynningu á stöðu mengunarmála fyrir bæjarfulltrúa Reykjanesbæjar í september.

*Næsti fundur stjórnar – tillaga að dagskrárlið.*

Lagt til að tillaga sveitarfélaganna til ráðuneytisins um samstarf sveitarfélaganna og ríkisins um uppbyggingu á svæðinu til framtíðar verði rædd á næsta stjórnarfundum.

*Keilir.*

Umræður um frágang vegna skuldamála skólans við félagið.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í september nk.

Ekkert fleira var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.50.

Ísak E. Kristinsson  
Steinnur Spaldur  
Harkeir S. Guðmundsson